

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/957

2024/EES/11/66

frá 10. maí 2023

um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/757 til að gera það kleift að fella sjóflutningastarfsemi inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og varðandi vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun fleiri gróðurhúsalofttegunda og losun frá fleiri tegundum skipa (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitni svæðanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Parísarsamningurinn ⁽⁴⁾ sem var samþykktur 12. desember 2015 samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) öðlaðist gildi 4. nóvember 2016. Aðilar að Parísarsamningnum hafa samþykkt að halda hækku á hitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækku hitastigs við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu. Sú skuldbinding var styrkt, samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, með samþykkt loftslagssáttmálans í Glasgow (e. *Glasgow Climate Pact*) 13. nóvember 2021 þar sem ráðstefna aðilanna að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem er fundur aðilanna að Parísarsamningnum viðurkennir að áhrif loftslagsbreytinga verði miklu minni við 1,5 °C hækku á hitastigi samanborið við 2 °C og einsetur sér að fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækku hitastigs við 1,5 °C.
- 2) Brýna þörfin fyrir að halda markmiði Parísarsamningsins um 1,5 °C virku varð ennþá mikilvægari í kjölfar niðurstaðna milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar í sjöttu matskýrslu sinni um að einungis sé unnt að takmarka hnattræna hlýnun við 1,5 °C ef gripið er tafarlaust til kröftugs og viðvarandi samdráttar á hnattrænni losun gróðurhúsalofttegunda innan þessa áratugar.
- 3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2019 um „Grænt samkomulag í Evrópu“ liggur það til grundvallar að takast á við loftslags- og umhverfistengdar áskoranir og ná markmiðum Parísarsamningsins.
- 4) Grænt samkomulag í Evrópu sameinar víðtækar ráðstafanir sem styrkja hver aðra og framtaksverkefni sem miða að því að ná fram loftslagshlutleysi í Sambandinu fyrir 2050 og þar er sett fram ný vaxtarstefna sem miðar að því að umbreyta Sambandinu í sanngjarnt og velmegandi samfélag, með nútímalegt, auðlindanýtið og samkeppnishæft hagkerfi, þar sem hagvöxtur er aftengdur nýtingu auðlinda. Markmiðið með því er einnig að vernda, varðveita og efla náttúruauð Sambandsins og vernda heilbrigði og velsæld borgaranna fyrir umhverfistengdri áhættu og áhrifum. Þessi umbreyting

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 105. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 335/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 152, 6.4.2022, bls. 175.

(2) Stjtið. ESB C 301, 5.8.2022, bls. 116.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2023 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 25. apríl 2023.

(4) Stjtið. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 4.

hefur mismunandi áhrif á starfsfólk frá mismunandi geirum. Á sama tíma nær þessi umbreyting til kynjajafnréttisþátta og hefur einnig sérstök áhrif á suma hópa sem standa höllum fæti og viðkvæma hópa, s.s. eldra fólk, fatlað fólk og fólk í minnihlutahópum að því er varðar kynþátt eða þjóðerni og einstaklinga og heimili með tekjur sem eru lágar eða í meðallagi. Hún hefur einnig í för með sér meiri áskoranir fyrir tiltekin svæði, einkum svæði þar sem erfiðleikar eru við uppbyggingu og jaðarsvæði, sem og fyrir eyjar. Þar af leiðandi verður að tryggja að umbreytingin sé réttlát og fyrir alla þannig að enginn verði skilinn eftir.

- 5) Nauðsyn þess og gildi að koma Grænu samkomulagi í Evrópu til framkvæmda hafa einungis aukist í ljósi mjög alvarlegra áhrifa COVID-19-heimsfaraldursins á heilbrigði, lífskjör og vinnuskilyrði og velsæld borgara í Sambandinu. Þessi áhrif hafa sýnt að þjóðfélag okkar og hagkerfi okkar verða að bæta viðnámsþrótt sinn með tilliti til utanaðkomandi áfalla og bregðast snemma við til að koma í veg fyrir eða til mótvægis við áhrif af utanaðkomandi áföllum á þann hátt að það sé réttlát og leiði til þess að enginn verði skilinn eftir, þ.m.t. þeir sem eru í áhættu á orkufátækt. Evrópskir borgarar halda áfram að láta í ljós sterkar skoðanir á því að þetta gildi einkum um loftslagsbreytingar.
- 6) Sambandið skuldbatt sig til að draga úr nettólosun sinni á gróðurhúsalofttegundum í öllu hagkerfinu um a.m.k. 55% fyrir 2030, samanborið við gildin á árinu 1990, í uppfærða landsákvæðum framlaginu sem var lagt fyrir skrifstofu rannsóknar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar 17. desember 2020.
- 7) Með samþykkt reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 ⁽⁵⁾ fastsetti Sambandið markmið í löggjöfina um loftslagshlutleysi í öllu hagkerfinu fyrir 2050 og markmið um að ná fram neikvæðri losun eftir það. Í þeirri reglugerð er einnig fastsett bindandi markmið Sambandsins um samdrátt á nettólosun gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins (losun eftir að upptaka hefur verið dregin frá) sem nemur a.m.k. 55%, samanborið við gildi ársins 1990, fyrir 2030 og kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli leitast við að aðlaga öll drög að ráðstöfunum eða tillögum að nýrri löggjöf í framtíðinni, þ.m.t. tillögum að fjárhagsáætlunum, að markmiðunum í þeirri reglugerð og, ef um ósamræmi er að ræða, að tilgreina ástæðurnar fyrir slíku ósamræmi sem hluta af áhrifamatinu sem fylgir þessum tillögum.
- 8) Allar greinar atvinnulífsins verða að leggja sitt af mörkum til að ná fram þeim samdrætti á losun sem er fastsettur með reglugerð (ESB) 2021/1119. Því er verið að breyta tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽⁶⁾ til að fella sjóflutningastarfsemi inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir til að tryggja að þessi starfsemi leggi sitt af mörkum til aukinna loftslagsmarkmiða Sambandsins sem og til markmiða Parísarsamningsins. Því er einnig nauðsynlegt að breyta reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 ⁽⁷⁾ til að taka tillit til þess að sjóflutningastarfsemi verður felld inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.
- 9) Enn fremur ætti að breyta gildissviði reglugerðar (ESB) 2015/757 til að taka tillit til aukinna loftslagsmarkmiða Sambandsins sem og til markmiða Parísarsamningsins. Traust kerfi fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun er forsenda fyrir markaðstengdum ráðstöfunum, stöðlum um nýtni eða öðrum viðeigandi ráðstöfunum, óháð því hvort þeim er beitt á vettvangi Sambandsins eða á heimsvísu. Þrátt fyrir að losun koltvísýrings (CO₂) sé mikill meirihluti losunar gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum er losun metans (CH₄) og nituroxíðs (N₂O) verulegur hluti af þessari losun. Innfelling metan- og nituroxíðslosunar í reglugerð (ESB) 2015/757 væri til hagsbóta fyrir umhverfislegan heilleika og til að hvetja til góðra starfsvenja og ætti að koma til framkvæmda frá og með árinu 2024. Lausavöruskip undir 5000 brúttótonnum en ekki undir 400 brúttótonnum eiga verulega hlutdeild í losun gróðurhúsalofttegunda frá öllum lausavöruskipum. Til að auka umhverfislega skilvirkni kerfisins fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun, tryggja jöfn

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 frá 30. júní 2021 um að koma á ramma til að ná fram loftslagshlutleysi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 401/2009 og (ESB) 2018/1999 („evrópsku loftslagslögin“) (Stjtið. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 1).

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB (Stjtið. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 55).

samkeppnisskilyrði og draga úr hættu á sniðgöngu ætti að fella lausavöruskip undir 5000 brúttótonnum en ekki undir 400 brúttótonnum inn í reglugerð (ESB) 2015/757 frá og með árinu 2025. Grunnsvæisskip eiga verulega hlutdeild í losun gróðurhúsalofttegunda. Því ætti fyrrgreind reglugerð einnig að gilda um grunnsvæisskip sem eru 400 brúttótonn og stærri frá og með árinu 2025. Framkvæmdastjórnin ætti að meta fyrir 31. desember 2024 hvort fella ætti fleiri tegundir skipa undir 5000 brúttótonnum en ekki undir 400 brúttótonnum inn í reglugerð (ESB) 2015/757.

- 10) Breyta ætti reglugerð (ESB) 2015/757 til að skylda félög til að gefa skýrslu um samantekin losunargögn innan félagsins og leggja slík gögn fyrir ábyrga stjórnsýslufirvaldið og leggja sannprófaðar vöktunaráætlanir sínar fyrir fyrrgreint yfirvald til samþykktar. Þegar sannprófaði innir af hendi sannprófun innan félagsins ætti hann ekki að sannprófa losunarskýrslur fyrir hvert skip eða skýrslur fyrir hvert skip sem leggja skal fram þegar skipt er um félag þar eð þessar skýrslur fyrir hvert skip hafa þegar verið sannprófaðar. Í því skyni að tryggja samræmi í stjórnsýslu og framfylgd ætti aðilinn sem ber ábyrgð á því að farið sé að reglugerð (ESB) 2015/757 að vera sami aðilinn og sá sem ber ábyrgð á að farið sé að tilskipun 2003/87/EB.
- 11) Til að tryggja skilvirka starfsemi viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir á stjórnsýslustigi og til að taka tillit til innfellingar metan- og nitroxiðlosunar, sem og til innfellingar á losun gróðurhúsalofttegunda frá grunnsvæisskipum, undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2015/757 ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), að því er varðar vöktunaraðferðir og -reglur og reglur um skýrslugjöf um losun sem fellur undir reglugerð (ESB) 2015/757 sem og að því er varðar allar aðrar viðeigandi upplýsingar sem koma fram í þeirri reglugerð, reglur um samþykki ábyrga stjórnsýslufirvalda fyrir vöktunaráætlunum og breytingum á þeim, reglur um vöktun, skýrslugjöf og framlagningu samantekinna losunargagna innan félags og reglur um sannprófun samantekinna losunargagna innan félags og um útgáfu sannprófunarskýrslna að því er varðar samantekin losunargögn innan félags. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016⁽⁸⁾. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.
- 12) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að kveða á um reglur um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun sem eru nauðsynlegar til að rýmka viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir þannig að það nái yfir sjóflutningastarfsemi og til að kveða á um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun fleiri gróðurhúsalofttegunda og losun frá fleiri tegundum skipa, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 13) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2015/757 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2015/757

Reglugerð (ESB) 2015/757 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað titilsins kemur eftirfarandi:

„Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB“.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

- 2) Í allri reglugerðinni, að undanskildum 2. gr., 5. gr. (2. mgr.) og 21. gr. (5. mgr.) og I. og II. viðauka, er hugtakinu koltvísýringi (CO₂) skipt út fyrir gróðurhúsalofttegundir og allar nauðsynlegar málfræðilegar breytingar eru gerðar.
- 3) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um nákvæma vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun á losun gróðurhúsalofttegunda og öðrum viðeigandi upplýsingum frá skipum, sem koma í höfn, eru í höfn eða láta úr höfn, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, í því skyni að stuðla að samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum með kostnaðarhagkvæmum hætti.“

- 4) Í stað 1. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Þessi reglugerð gildir um skip sem eru 5000 brúttótonn og stærri með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem á sér stað meðan á sjóferð stendur vegna flutninga á farmi eða farþegum í atvinnuskyni frá síðustu viðkomuhöfn slíkra skipa til viðkomuhafnar, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, og frá viðkomuhöfn, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, að næstu viðkomuhöfn þeirra, sem og þegar þau eru í viðkomuhöfnum sem falla undir lögsögu aðildarríkis.

1a. Frá og með 1. janúar 2025 skal þessi reglugerð einnig gilda um lausavöruskip undir 5000 brúttótonnum en ekki undir 400 brúttótonnum með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda sem á sér stað meðan á sjóferð stendur vegna flutninga á farmi í atvinnuskyni frá síðustu viðkomuhöfn þeirra til viðkomuhafnar, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, og frá viðkomuhöfn, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, að næstu viðkomuhöfn þeirra, sem og þegar þau eru í viðkomuhöfnum sem falla undir lögsögu aðildarríkis, og um grunnsæviskip undir 5000 brúttótonnum en ekki undir 400 brúttótonnum með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda sem á sér stað meðan á sjóferð stendur frá síðustu viðkomuhöfn þeirra til viðkomuhafnar, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, og frá viðkomuhöfn, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, að næstu viðkomuhöfn þeirra, sem og þegar þau eru í viðkomuhöfnum sem falla undir lögsögu aðildarríkis.

1b. Frá og með 1. janúar 2025 skal þessi reglugerð gilda um grunnsæviskip sem eru 5000 brúttótonn og stærri með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda sem á sér stað meðan á sjóferð stendur frá síðustu viðkomuhöfn þeirra til viðkomuhafnar, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, og frá viðkomuhöfn, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, að næstu viðkomuhöfn þeirra, sem og þegar þau eru í viðkomuhöfnum sem falla undir lögsögu aðildarríkis.

1c. Gróðurhúsalofttegundirnar sem falla undir þessa reglugerð eru:

- a) koltvísýringur (CO₂),
- b) að því er varðar losun frá og með 2024, metan (CH₄) og
- c) að því er varðar losun frá og með 2024, nituroxíð (N₂O).

Þar sem vísað er í þessari reglugerð í uppsafnaða heildarlosun gróðurhúsalofttegunda eða uppsafnaða losun gróðurhúsalofttegunda í heild skal líta á það sem vísun í samantekið heildarmagn hvernar lofttegundar fyrir sig.“

- 5) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a- til d-liðar kemur eftirfarandi:

„a) „losun gróðurhúsalofttegunda“: losun gróðurhúsalofttegunda sem falla undir þessa reglugerð, í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. c í 2. gr., frá skipum,

b) „viðkomuhöfn: viðkomuhöfn eins og skilgreint er í z-lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (*),

- c) „sjóferð“: ferð skips sem hefst eða endar í viðkomuhöfn,
- d) „félag“: skipafélag eins og skilgreint er í w-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).“

- b) Í stað m-liðar kemur eftirfarandi:

„m) „skýrslutímabil“: tímabilið frá 1. janúar til 31. desember á hverju tilteknu ári; að því er varðar sjóferðir sem byrja á einu ári en enda á öðru skulu viðkomandi gögn lögð fram á því ári sem um er að ræða,“.

- c) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„p) „ábyrgt stjórnarsýsluyfirvald“: stjórnarsýsluyfirvald að því er varðar skipafélag sem um getur í 3. gr. gf í tilskipun 2003/87/EB,

q) „samantekin losunargögn innan félags“: summa losunar gróðurhúsalofttegunda sem falla undir tilskipun 2003/87/EB í tengslum við sjóflutningastarfsemi í samræmi við I. viðauka við þá tilskipun og sem félag á að gefa skýrslu um samkvæmt þeirri tilskipun að því er varðar öll skip sem eru á ábyrgð þess á skýrslutímabilinu.“

- 6) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 4. gr.:

„8. Félög skulu gefa skýrslu um samantekin losunargögn innan félags að því er varðar þau skip sem eru á þeirra ábyrgð á skýrslutímabili skv. 11. gr. a.“

- 7) Í stað 2. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr. þessarar reglugerðar, til að breyta I. og II. viðauka við þessa reglugerð í því skyni að taka tillit til innfellingar metan- og nituroxíðlosunar, sem og innfellingar á losun gróðurhúsalofttegunda frá grunnsæviskipum, undir gildissvið þessarar reglugerðar og breytinga á tilskipun 2003/87/EB sem og að laga þessa viðauka að framkvæmdargerðum, sem eru samþykktar skv. 1. mgr. 14. gr. þeirrar tilskipunar, að viðeigandi alþjóðlegum reglum og að alþjóðlegum og evrópskum stöðlum. Framkvæmdastjórninni er einnig falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr. þessarar reglugerðar, til að breyta I. og II. viðauka við þessa reglugerð, í því skyni að endurbæta þá þætti vöktunaraðferðanna, sem settar eru fram þar, í ljósi þróunar á sviði tækni og vísinda og í því skyni að tryggja skilvirka starfsemi viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir sem komið var á fót samkvæmt tilskipun 2003/87/EB.

Eigi síðar en 1. október 2023 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir til að taka tilliti til innfellingar metan- og nituroxíðlosunar, sem og innfellingar á losun gróðurhúsalofttegunda frá grunnsæviskipum, undir gildissvið þessarar reglugerðar, eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Aðferðirnar til að vakta metan- og nituroxíðlosun skulu byggjast á sömu meginreglunum og aðferðirnar til að vakta koltvísýringlosun, eins og sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð, ásamt þeim breytingum sem eru nauðsynlegar til að endurspegla eðli viðkomandi gróðurhúsalofttegundar. Aðferðirnar sem eru settar fram í I. viðauka við þessa reglugerð og reglurnar sem eru settar fram í II. viðauka við þessa reglugerð skulu, eftir því sem við á, lagaðar að aðferðunum og reglunum sem eru settar fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um notkun endurnýjanlegs eldsneytis og lágkolefniseldsneytis í sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB.“

- 8) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað b-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) heiti félagsins og heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang hjá tengilið og einkvæmt IMO-auðkennisnúmer félags og skráðs eiganda,“.

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Félög skulu nota staðlaðar vöktunaráætlanir sem byggja á sniðmátum og þau skulu leggja þessar áætlanir fram með notkun sjálfvirkra kerfa og sniða fyrir gagnaskipti. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, ákveða þessi sniðmát, þ.m.t. tæknireglurnar um samræmda beitingu þeirra og tæknireglurnar um sjálfvirka framlagningu þeirra. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.“

c) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„6. Eigi síðar en 1. apríl 2024 skulu félög, fyrir hvert skip þeirra sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar, leggja fyrir ábyrgt stjórnsýslufirvald vöktunaráætlun sem sannprófandinn hefur metið að sé í samræmi við þessa reglugerð og sem endurspeglar innfellinguna metan- og nituroxíðlosunar undir gildissvið þessarar reglugerðar.

7. Þrátt fyrir 6. mgr. skulu félög, að því er varðar skip sem falla í fyrsta skipti undir gildissvið þessarar reglugerðar eftir 1. janúar 2024, leggja fyrir ábyrgt stjórnsýslufirvald vöktunaráætlun, í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð, án ástæðulausrar tafar og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að hvert skip kemur í fyrsta sinn í höfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis.

8. Eigi síðar en 6. júní 2025 skal ábyrga stjórnsýslufirvaldið samþykkja vöktunaráætlanirnar sem félögin leggja fram í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem framkvæmdastjórnin samþykkir samkvæmt þriðju undirgrein þessarar málsgreinar. Að því er varðar skip sem falla í fyrsta skipti undir gildissvið tilskipunar 2003/87/EB eftir 1. janúar 2024 skal ábyrga stjórnsýslufirvaldið samþykkja framlögðu vöktunaráætlunina innan fjögurra mánaða eftir að skip kemur í fyrsta sinn í höfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem framkvæmdastjórnin samþykkir samkvæmt þriðju undirgrein þessarar málsgreinar.

Eigi síðar en 1. október 2023 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að breyta 6. til 10. gr. að því er varðar reglurnar í þessum greinum um vöktunaráætlanir, til að taka tillit til innfellingar metan- og nituroxíðlosunar, sem og innfellingar á losun gróðurhúsalofttegunda frá grunnsæviskipum, undir gildissvið þessarar reglugerðar.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa reglugerð að því er varðar reglur um samþykki ábyrga stjórnsýslufirvalda fyrir vöktunaráætlunum.“

9) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Breytingar á vöktunaráætluninni skv. b-, c- og d-lið 2. mgr. þessarar greinar skulu háðar mati sannprófanda í samræmi við 1. mgr. 13. gr. Að loknu mati skal sannprófandi tilkynna félaginu hvort breytingarnar samræmist ákvæðum. Félagið skal leggja breytta vöktunaráætlun sína fyrir ábyrga stjórnsýslufirvaldið þegar það hefur móttekið tilkynningu frá sannprófandanum um að vöktunaráætlunin samræmist ákvæðum.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„5. Ábyrga stjórnsýslufirvaldið skal samþykkja breytingar á vöktunaráætluninni skv. a- til d-lið 2. mgr. í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem framkvæmdastjórnin samþykkir samkvæmt annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa reglugerð að því er varðar reglur um samþykki ábyrga stjórnsýslufirvalda fyrir breytingum á vöktunaráætlunum.“

10) Eftirfarandi lið er bætt við í fyrstu málsgrein 10. gr.:

„k) uppsafnaða heildarlosun gróðurhúsalofttegunda, sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB í tengslum við sjóflutningastarfsemi í samræmi við I. viðauka við þá tilskipun og sem á að gefa skýrslu um samkvæmt þeirri tilskipun, ásamt nauðsynlegum upplýsingum til að rökstyðja beitingu sérhverrar viðeigandi undanþágu frá 3. mgr. 12. gr. þessarar tilskipunar sem kveðið er á um í 3. mgr. e til 3. mgr. b í 12. gr. tilskipunarinnar.“

11) Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 1. mgr.:

„Frá árinu 2025 skulu félög, eigi síðar en 31. mars ár hvert, fyrir hvert skip sem þau bera ábyrgð á, leggja fyrir ábyrgt stjórnsýsluyfirvald, fyrir yfirvöld viðkomandi fánaríkja skipa sem sigla undir fána aðildarríkis og fyrir framkvæmdastjórnina, losunarskýrslu fyrir allt skýrslutímabilið á næstliðnu ári sem sannprófandi hefur sannprófað að sé fullnægjandi í samræmi við 13. gr. Ábyrgt stjórnsýsluyfirvald getur krafist þess að félög leggi fram losunarskýrslur sínar fyrir 31. mars en ekki fyrir 28. febrúar.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Ef um er að ræða félagsskipti skal fyrra félagið leggja fyrir ábyrgt stjórnsýsluyfirvald, fyrir yfirvöld viðkomandi fánaríkja skipa sem sigla undir fána aðildarríkis, fyrir nýja félagið og fyrir framkvæmdastjórnina, eins nálægt deginum þegar félagsskiptunum lýkur og unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir það, sannprófaða skýrslu sem tekur til sömu atriða og losunarskýrslan sem um getur í 1. mgr. en sem takmarkast við tímabilið sem svarar til starfseminnar sem innt er af hendi á ábyrgð þess.“

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4. Eigi síðar en 1. október 2023 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að breyta 11. gr., 11. gr. a og 12. gr. að því er varðar reglurnar um skýrslugjöf til að taka tillit til innfellingar metan- og nituroxíðlosunar, sem og innfellingar á losun gróðurhúsalofttegunda frá grunnsvisskipum, undir gildissvið þessarar reglugerðar.“

12) Eftirfarandi grein er bætt við:

„11. gr. a

Skýrslugjöf og framlagning samantekinna losunargagna innan félags

1. Félög skulu ákvarða samantekin losunargögn innan félagsins meðan á skýrslutímabilinu stendur, á grundvelli gagnanna í losunarskýrslunni og skýrslunni sem um getur í 2. mgr. 11. gr. fyrir hvert skip sem var á þeirra ábyrgð á skýrslutímabilinu, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem eru samþykktar skv. 4. mgr. þessarar greinar.

2. Frá árinu 2025 skulu félög leggja fyrir ábyrgt stjórnsýsluyfirvald, eigi síðar en 31. mars ár hvert, samantekin losunargögn innan félagsins sem ná yfir losun á skýrslutímabilinu á næstliðnu ári sem á að gefa skýrslu um samkvæmt tilskipun 2003/87/EB í tengslum við sjóflutningastarfsemi, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem eru samþykktar skv. 4. mgr. þessarar greinar og sem hafa verið sannprófuð í samræmi við III. kafla þessarar reglugerðar.

3. Ábyrgt stjórnsýsluyfirvald getur krafist þess að félög leggi fram sannprófuð samantekin losunargögn innan félagsins, sem um getur í 2. mgr., fyrir 31. mars en ekki fyrir 28. febrúar.

4. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa reglugerð reglum um vöktun og skýrslugjöf um samantekin losunargögn innan félags og framlagningu samantekinna losunargagna innan félags fyrir ábyrga stjórnsýsluyfirvaldið.“

13) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Framsetning losunarskýrslu og skýrslugjöf um samantekin losunargögn innan félags“.

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Losunarskýrsla og skýrsla um samantekin losunargögn innan félags skulu lagðar fram með notkun sjálfvirkra kerfa og sniða fyrir gagnaskipti, þ.m.t. rafræn sniðmát.“

14) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Sannprófandi skal meta hvort losunarskýrslan og skýrslan sem um getur í 2. mgr. 11. gr. samræmast kröfunum sem mælt er fyrir um í 8. til 12. gr. og I. og II. viðauka.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„5. Sannprófundinn skal meta hvort samantekin losunargögn innan félags samræmast kröfunum sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem eru samþykktar skv. 6. mgr.

Ef sannprófundinn kemst að þeirri niðurstöðu, með fullnægjandi áreiðanleika, að í samanteknum losunargögnum innan félags séu ekki verulegar rangfærslur skal sannprófundinn gefa út sannprófunarskýrslu þar sem staðfest er að samanteknu losunargögnin innan félagsins hafi verið sannprófuð sem fullnægjandi í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem eru samþykktar skv. 6. mgr.

6. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa reglugerð reglum um sannprófun samantekinna losunargagna innan félags, þ.m.t. sannprófunaraðferðir og sannprófunarferli, og útgáfu sannprófunarskýrslu.“

15) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað d-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„d) útreikninga til ákvörðunar á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda og á uppsafnaðri heildarlosun gróðurhúsalofttegunda sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB í tengslum við sjóflutningastarfsemi í samræmi við I. viðauka við þá tilskipun og sem á að gefa skýrslu um samkvæmt þeirri tilskipun,“.

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4. Hvað varðar sannprófun á samanteknum losunargögnum innan félags skal sannprófundinn meta heilleika framlagðra gagna og samræmi þessara framlögðu gagna við upplýsingar frá félaginu, þ.m.t. sannprófaðar losunarskýrslur þess og skýrslurnar sem um getur í 2. mgr. 11. gr.“

16) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 15. gr.:

„6. Að því er varðar sannprófun á samanteknum losunargögnum innan félags skulu sannprófundinn og félagið fara að reglum um sannprófun sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem eru samþykktar skv. 6. mgr. 13. gr. Sannprófundinn skal ekki sannprófa losunarskýrsluna og skýrsluna sem um getur í 2. mgr. 11. gr. fyrir hvert skip á ábyrgð félagsins.“

17) Í stað 1. mgr. 16. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Sannprófundur sem meta vöktunaráætlanir, losunarskýrslur, skýrslurnar sem um getur í 2. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar og samantekin losunargögn innan félags og gefa út sannprófunarskýrslurnar sem um getur í 3. og 5. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar og samræmingarskjölin sem um getur í 1. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar skulu hafa faggildinguna frá faggildingarstofu í aðildarríki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 fyrir starfsemi sem fellur undir þessa reglugerð.“

18) Ákvæðum 20. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Ef um er að ræða skip sem hefur ekki uppfyllt skuldbindingar um vöktun og skýrslugjöf í tvö eða fleiri skýrslutímabil samfellt og ef aðrar ráðstafanir til framfylgdar hafa ekki tryggt að farið sé að þeim þá getur lögbært yfirvald í aðildarríki komuhafnar, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi félagi tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar, gefið út skipun um brottvísun, sem skal tilkynnt framkvæmdastjórninni, Siglingaöryggisstofnun Evrópu, öðrum aðildarríkjum og hlutaðeigandi fánaríki. Þegar slík skipun um brottvísun er gefin út skulu öll aðildarríkin, að undanskildu aðildarríkinu sem er fánaríki skipsins, meina hlutaðeigandi skipi aðgang að höfnum sínum þar til félagið uppfyllir skuldbindingar sínar um vöktun og skýrslugjöf í samræmi við 11. og 18. gr. Ef slíkt skip siglir undir fána aðildarríkis og kemur til eða er stutt í einni af höfnum þess skal hlutaðeigandi aðildarríki, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi félagi tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar, kyrrsetja skipið þar til félagið uppfyllir skuldbindingar sínar um vöktun og skýrslugjöf.

Ef skip, eins og um getur í fyrstu undirgrein, er stutt í einni af höfnum aðildarríkisins sem er fánaríki skipsins getur hlutaðeigandi aðildarríki, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi félagi tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar, gefið út fánaríkisúrskurð um farbann þar til félagið uppfyllir skuldbindingar sínar um vöktun og skýrslugjöf. Það skal upplýsa framkvæmdastjórnina, Siglingaöryggisstofnun Evrópu og hin aðildarríkin um þetta.

Staðfesta skal efndir á þessum skuldbindingum um vöktun og skýrslugjöf með því að leggja gilt samræmingarskjal fyrir lögbæra landsyfirvaldið sem gaf út skipunina um brottvísun. Þessi málsgrein hefur ekki áhrif á alþjóðleg siglingalög sem gilda ef skip er nauðstatt.“

b) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 5. mgr.:

„Möguleikinn á undanþágu samkvæmt fyrstu undirgrein skal ekki gilda um aðildarríki þar sem yfirvaldið er ábyrgt stjórnsýsluyfirvald.“

19) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) auðkenni skipsins (heiti, félag, IMO-auðkennisnúmer og skráningarhöfn eða heimahöfn),“.

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Á tveggja ára fresti skal framkvæmdastjórnin meta heildaráhrif af sjóflutningastarfsemi á loftslagið í heiminum, þ.m.t. af losun á eða áhrifum frá öðrum gróðurhúsalofttegundum en koltvísýringi og ögnum með hnatthlúnunarmátt sem falla ekki undir þessa reglugerð.“

20) Eftirfarandi grein er bætt við:

„22. gr. a

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2024, endurskoða þessa reglugerð, einkum með tilliti til frekari reynslu sem fæst af framkvæmd hennar, m.a. að því er varðar að fella skip undir 5000 brúttótonnum en ekki undir 400 brúttótonnum undir gildissvið þessarar reglugerðar í því skyni að fella slík skip hugsanlega síðar undir gildissvið tilskipunar 2003/87/EB eða leggja til aðrar ráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá slíkum skipum. Þessari endurskoðun skal fylgja, eftir því sem við á, tillaga að nýrri löggjöf til að breyta þessari reglugerð.“

21) Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Fela skal framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 5. gr. (2. mgr.), 15. gr. (5. mgr.) og 16. gr. (3. mgr.) í fimm ár frá og með 1. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 6. gr. (8. mgr.), 7. gr. (5. mgr.), 11. gr. (4. mgr.), 11. gr. a (4. mgr.) og 13. gr. (6. mgr.) í fimm ár frá og með 5. júní 2023.

Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok viðkomandi fimm ára tímabils. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 5. gr. (2. mgr.), 6. gr. (8. mgr.), 7. gr. (5. mgr.), 11. gr. (4. mgr.), 11. gr. a (4. mgr.), 13. gr. (6. mgr.), 15. gr. (5. mgr.) og 16. gr. (3. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.“

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 5. gr. (2. mgr.), 6. gr. (8. mgr.), 7. gr. (5. mgr.), 11. gr. (4. mgr.), 11. gr. a (4. mgr.), 13. gr. (6. mgr.), 15. gr. (5. mgr.) eða 16. gr. (3. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

Þó skal síðasti málsliður í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar ekki gilda um framseldar gerðir sem eru samþykktar fyrir 1. október 2023 skv. 5. gr. (önnur undirgrein 2. mgr.), 6. gr. (önnur undirgrein 8. mgr.) eða 11. gr. (4. mgr.).“

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 5. júní 2023. Þó skulu a-liður 5. liðar og b-liður 5. liðar 1. gr. þessarar reglugerðar, að því er varðar b-, d- og m-lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2015/757, koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 10. maí 2023.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

R. METSOLA

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. ROSWALL

forseti.